



BÚGARÐUR
Ráðgjafapjónusta á Norðausturlandi

Fréttir og fróðleikur

Febrúar 2012 Nr. 1 XL. Árg. Nr.252

Ritstjóri: Vignir Sigurðsson

Ágætu bændur

Það hefur verið hefð að formenn búnaðarsambandanna skrifi pistil í fyrsta blað ársins af Fréttum og fróðleik, og nú er komið að mér.

Það fer ekki hjá því að fyrst komi í hugann tíðarfarið á fyrri hluta síðasta árs sem var afar stírt. Kaltjón var verulegt á svæðinu og búpeningur óvenju lengi á gjöf. Kornupskera brást að verulegu leyti í Þingeyjarsýslum og hefyngur með minnsta móti. Eitthvað var þó jákvætt á árinu og ekki síst hjá okkur sauðfjárbændum. Veruleg hækkun náðist á afurðaverði eftir mikinn og harðan fjölmiðlaslag. Útflutningur gekk vel og stjórnendur Norðlenska, sem meiri hluti kjötframleiðenda á svæðinu er í viðskiptum við, bera sig vel nú við áramót.

En dveljum ekki um of við fortíðina heldur reynum að horfa fram við. Fjármunir hafa minnkað sem við höfum úr að spila við að reka okkar félagskerfi sem og leiðbeiningapjónustu í landbúnaði. Lögum um búnaðargjald þarf að breyta og áhugi er á að einfalda félagskerfi bænda. Allt eru þetta tengd mál sem verða í deigluinni á næstu misserum og verða jafnvel öll til umfjöllunar á næsta Búnaðarþingi. Hugmyndir eru að sameina leiðbeiningapjónustuna og reka hana í einni heild með starfstöðvum víða um land. Nauðsynlegt er að mínum dómi að sem flestir bændur myndi sér skoðun á því hvernig þeir vilja haga þessum málum í framtíðinni og komi henni á framfæri við forystu bænda, þannig að forystan hafi sem skýrasta mynd af vilja bænda í þessum efnum. Það er ekki alltaf nóg að ræða málin við eldhúsbörðið og vonast eftir því að sú umræða skili sér til þeirra sem að lokum taka ákvarðanir.

ESB slagurinn mun einnig harðna mjög á næstu misserum og ekkert sem bendir til annars en aðildarsamningur verði gerður og borinn undir þjóðaratkvæði á næstu 2-3 árum. Það er einlæg von mín eins og flestra annarra bænda að við lendum ekki inn í þann gjaldþrota klúbb. Ég hef ekki áhuga á að deila auðlindum okkar Íslendinga með öðrum Evrópubúum. Við getum alveg eins horft til annarra heimshluta með okkar viðskipti. Við erum nefnilega svo ótrúlega rík. Við eigum vatnið, landið, sjóinn og jafnvel olíu. Það lifa jú allir af landinu eða sjónum þegar upp er staðið, meira að segja Þórólfur Matthíasson. Okkur hættir bara svo oft til að horfa allt of stutt fram á veginn. Kannski ættum við bara að taka upp 100 ára áætlanir eins og Kínverjar.

framh.....

Að lokum langar mig að taka aðeins upp úr grein sem Guðmundur Lárusson skrifaði í Bændablaðið rétt fyrir jól. Þar benti hann á að of mikill tími færi í að berjast á mótum því sem við vildum ekki, í stað þess að berjast fyrir því sem við vildum. Þetta er að sjálfsögðu laukrétt og nauðsynlegt að hafa sem oftast í huga, jafnvel þegar við erum í eilífri vörn.

Ég vil þakka bændum og öðrum þeim sem vinna að landbúnaðarmálum á svæðinu fyrir liðið ár með von um að árið 2012 verði örlítið betra en 2011.

Einar Ófeigur Björnsson formaður BSNÞ

Skil á fjárbókum 2011

Minnt er á að lokadagur til að skila haustbókum í sauðfjárræktinni er **1. febrúar** nk. til að uppfylla skilyrði gæðastýringar. Einnig vilja mörg fjárræktarfélag fara að halda sína aðalfundi og þá þurfa menn að vera búnir að skila svo hægt sé að gera upp félögin.

Þeim sem þurfa aðstoð við frágang sinna bóka er bent á að hafa samband við ráðunauta.

Um árangur sauðfjársæðinga 2011

Í desember fengum við hrútasæði í 2.745 ær frá Vesturlandsstöðinni og 2085 frá Suðurlandsstöðinni. Nýtingin var rúm 83% frá þeirri fyrnefndu og rúm 81% frá þeirri síðarnefndu. Fyrstu fregnir frá bændum benda til þess að árangur sé sumstaðar óvanalega góður og er það afar ánægjulegt. Ekki tókst að anna eftirspurn eftir tveim hrútum, Grábotna og Gosa en að öðru leiti gekk ágætlega að verða við óskum bænda.

Þegar þetta er skrifað vantar að skrá í fjárvís.is ríflega 700 ær af þeim tæplega 4000 sem sæddar voru og er þess óskað að þeir sem eiga eftir að skila þessum upplýsingum geri það sem allra fyrst, annað hvort með því að skrá þær sjálfir í fjárvís.is, eða komi upplýsingum til ráðunauta. Sæðingar á að skrá í liðnum "Skrá sæðingar" í fjárvís.is, ekki í liðnum "Fangskráning", en í þeim lið eru hins vegar skráðar þær ær sem héldu við sæðingunum eða við heimahrútum.

Það er virkilega mikilvægt að halda vel utan um þessar upplýsingar því þær nýtast í vinnunni fyrir bættum árangri af sæðingunum og án þeirra höfum við á litlu að byggja.

Af sæðingarstöðvarhrútum er það að fréttu að Gandur 07-845 og Gosi 09-850 létust á dögum og búið er að fella At 06-806, Hróa 07-836, Lagð 07-847 og Karl Philip 05-827 en þeir fjórir töldust fullnotaðir. Aðrir hrútar eru frískir og engin áform uppi um að fella neinn þeirra í bráð.

Ákall vegna myndatöku!

Nú er áður auglýstum tíma vegna myndatöku í Byggðir Eyjafjarðar lokið. Þar sem enn eru allmargir sem ekki hafa mætt hefur verið samið við Finnboga um að taka á mótum fólki í myndatöku eftirtalda daga: **8., 9., 15. og 16. febrúar frá kl. 13:00—18:00**. Einnig má hringja í Finnboga í síma 894-7733. Við viljum eindregið hvetja fólk til að mæta. Ljósmyndastofan er að Hjalteyrargötu 2.

Bókhaldsgögn í gagnagrunn BÍ

Við viljum hvetja bændur til að senda bókhaldsgögn til Bændasamtaka Íslands um leið og uppgjöri virðisaukaskatts 2011 er lokið. Hægt er að senda gögnin beint úr dkBúbót með því að velja: verkfæri > dkBúbót > Gagnagrunnur BÍ. Til að hægt sé að nota gögnin þurfa allir sem senda inn gögn að undirrita yfirlýsingu og senda BÍ. Einungis þarf að senda þessa yfirlýsingu einu sinni. Þessa yfirlýsingu er að finna í dk-Búbót eða á www.bondi.is undir „eyðublöð“ og heitir: Yfirlýsing fyrir gagnagrunn BÍ. Þessi gagnasöfnun er mikilvæg með tilliti til samninga og hagsmunagæslu fyrir bændur.

Aðalfundur BSE og kosning fulltrúa á Búnaðarþing 2013-2015

Stjórn BSE hefur ákveðið að kosning fulltrúa á Búnaðarþing fyrir kjörtímabilið 2013-2015 fari fram á aðalfundi BSE sem fyrirhugað er að halda 3. apríl nk. Tímasetning, staðsetning og dagskrá verður auglýst nánar þegar nær dregur. Félagatal BSE hefur legið frammi í afgreiðslu Búgarðs Óseyri 2 í janúarmánuði líkt og auglýst var á heimasíðu Búgarðs. Félagsmenn geta krafist þess að fram fari almenn kosning og skal sú krafa koma fram eigið síðar en 6 vikum fyrir aðalfund.

Niðurstöður úr mjólkurskýrsluhaldi árið 2011

Nýlega voru birtar niðurstöður afurðaskýrslna í nautgriparæktinni fyrir árið 2011. Alls komu til uppgjors skýrslur frá 96 búum í Eyjafirði og 57 í Suður-Þingeyjarsýslu. Er þar um að ræða sama fjölda og árið áður, en með í uppgjörinu er eitt bú í Eyjafirði sem hætti mjólkurframleiðslu á árinu og annað í S.-Þing. Þá féll út skýrsluhald á einu búi á síðarnefnda svæðinu. Fjöldi árskúa í Eyjafirði var 4656,7 og 1409,8 í S.-Þing. Er um að ræða nokkra fækkun frá fyrra ári á báðum svæðum. Meðalbústærð er 48,5 árskýr í Eyjafirði, en 24,7 í S.-Þing. Meðalafurðir eftir árskú í Eyjafirði reyndust vera 5410 kg, hækkun um 177 kg og í S.-Þing. 5443 kg og hafði hækkað frá fyrra ári um 120 kg. Meðalefnahlutföll voru í fitu 4,28% og 4,27%, í próteini 3,38% og 3,39%. Þessar tölur eru ekki leiðréttar að efnahlutföllum í innlagðri mjólk.

Skýrslubú í landinu voru 609 með 23417,4 árskýr og bústærðin að meðaltali 38,5 árskýr. Meðalnyt þeirra er 5436 kg og hafði hækkað um 94 kg. Fituhlutfallið er 4,20% og prótein 3,37%. Ellefu bú á Búgarssvæðinu ná meðalafurðum yfir 6.500 kg og eru þau talin upp í eftirfarandi töflu.

Nafn	Fjöldi árskúa	Mjólk kg	Fita %	Prótein %
Helgi B. Steinsson Syðri-Bægisá	33,9	7687	4,59	3,42
Dreitill ehf Steinsstöðum II	45,8	7135	4,20	3,47
Helguhóll ehf Nesi	72,3	7075	4,22	3,41
Stóru-Tjarnir ehf Stóru-Tjörnum	43,5	6953	4,20	3,39
Jóhann Tryggvason Vöglum	22,9	6951	4,32	3,41
Hörður og Sólveig Svertingsstöðum II	57,6	6703	4,17	3,42
Júlíus V. Sigurðsson Engihlíð	31,2	6680	4,62	3,32
Tryggvi Jóhannsson Hvassafelli	59,8	6636	4,15	3,41
Atli Sigurðsson Ingjaldsstöðum	22,6	6625	4,50	3,46
Viðar og Elínros Brakanda	26,0	6518	4,01	3,42
Félagsbúið Baldursheimi I	20,8	6515	4,41	3,37

Þá náðu 17 kýr á Búgarðssvæðinu að mjólka yfir 10000 kg á árinu 2011. Þær eru taldar upp í töflunni hér á eftir. Árið 2010 voru þær aðeins 5.

Nafn, nr. og bú	Faðir nafn og nr.	Mjólk kg	Fita %	Prótein %
Guðrún 356 Steindyrum	Bylur 97002	11211	4,82	3,42
Braut 447 Búvöllum	Stígur 97010	11110	4,19	3,05
Hönk 476 Nesi Höfð.	Meitill 98008	10825	4,18	3,29
Sjöund 479 Nesi Höfð.	Meitill 98009	10789	4,03	3,27
Lýra 695 Hvammi Eyjaf.	Nói 607	10677	4,68	3,43
Sunna 338 Syðri-Bægisá	Stígur 97010	10453	4,11	3,29
Fonta 368 Syðri-Bægisá	Fontur 98027	10428	4,94	3,36
Gata 8383 Stærra-Árskógi	Stígur 97010	10420	3,80	3,68
Stjarna 633 Garði Eyjaf.	Ári 04043	10394	4,06	3,46
Snögg 353 Syðri-Bægisá	Randver 97029	10350	3,88	3,29
Brandá 482 Nesi Höfð.	Meitill 98009	10332	4,70	3,59
Serbía 366 Engihlíð Ársk.	Ári 04043	10206	4,20	3,30
Skræpa 282 Dæli Fnjósk.	Þingeyingur 941	10189	3,67	3,42
Stássa 304 Syðri-Bægisá	Friskur 94026	10146	4,24	3,31
Lind 254 Steinsstöðum II	Umbi 98036	10061	4,59	3,23
Vængja 379 Hjarðarbóli	Vængur 03021	10052	5,04	3,42
Lind 330 Engihlíð Ársk.	Valur 3480	10047	5,06	3,49

Styrkir til frumbýlinga í sauðfjárrækt

Minum á að umsókn um styrki til frumbýlinga í sauðfjárrækt skv. ákvæðum núgildandi sauðfjársamnings ber að skila til Bí fyrir **1. mars næstkomandi**. Reglur um úthlutun og umsóknareyðublöð með nánari leiðbeiningum er að finna á bondi.is.

Hrossaræktin 2011—frítt til félagsmanna HEB !

Í nóvember sl. var gefið út ritið Hrossaræktin 2011. Í bókinni er að finna umfjöllun um tíu efstu hross í hverjum aldursflokki á árinu, umfjöllun um öll ræktunarbú sem voru tilnefnd til ræktunarverðlauna í ár, umfjöllun um öll hross sem hlutu afkvæmaverðlaun á árinu, Landsmót, Heimsmeistaramót, áhugaverð viðtöl og margt fleira áhugavert. Félagar í Hrossaræktarsamtökum Eyfirðinga og Þingeyinga geta nálgast eintak af bókinni í Búgarði sér að kostnaðarlausu.

Áburðaráætlanir 2012

Sem fyrr munu ráðunautar Búgarðs bjóða upp á gerð áburðaráætlana. Gjald fyrir áætlun er óbreytt frá fyrra ári, **6.000 kr. án vsk**. Fyrir umfangsmiklar áætlanir er greitt tímagjald umfram 1 klst. Þeir sem óska eftir áburðaráætlunum geta haft samband við skrifstofur Búgarðs á Akureyri (460-4477 –Guðmundur Helgi ghg@bugardur.is eða Ingvar ib@bugardur.is), Húsavík (464-2491 –María msj@bondi.is) eða Þórshöfn (8950833 –Sigurður Þór sthg@bondi.is).

Búum betur

Fræðslufundur um rekstur kúabúa

Búgarður boðar til fundar um rekstur kúabúa. Fundurinn verður haldinn að Sveinbjarnargerði **fimmtudaginn 23. febrúar og hefst kl. 13.00**. Allir kúabændur og áhugafólk um bættan búrekstur velkomið.

Fundarstjóri: Friðgeir Sigtryggsson, Breiðumýri

Dagskrá:

Búrekstrarráðgjöf Búgarðs –fortíð, nútíð og framtíð

Ingvar Björnsson, Sigríður Bjarnadóttir og Vignir Sigurðsson, Búgarði.

Hver er galdurinn á bak við góðan búrekstur?

Ásrún og Sigurður, Steinsstöðum II Öxnadal

Jóhannes og Kristinn, Espihóli Eyjafirði

Búrekstrargrunnur BÍ

Jóhanna Lind Elíasdóttir og Daði Már Kristófersson, Bændasamtökum Íslands

Kaffi og verðlaunaveitingar

Umræður og samantekt

Dagur með hrossaræktarráðunaut

Dagur með hrossaræktarráðunaut verður haldinn í Topreiter höllinni á Akureyri föstudaginn 17. febrúar nk. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur BÍ mun fara yfir helstu atriði sem lögð eru til grundvallar við einkunnagjöf í kynbótadómum bæði hvað varðar byggingu og hæfileika. Sýnd verða nokkur hross og gefst þátttakendum kostur á að gefa þeim einkunnir og bera saman við tölur ráðunautsins.

Þáttökugjald er kr. 4.000.-

Innifalið í þáttökugjaldi er léttur hádegisverður.

Tímasetning: Föstudagur 17. febrúar frá kl. 10:00 – 17:00

Skráning í Búgarði í síma 460-4477 eða á netfangið vignir@bugardur.is

Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 14. febrúar.



BÚGARÐUR

Ráðgjafabjónusta á Norðausturlandi

Steindyrum, 29.01. '12**Kæru lesendur – gleðilegt og búsældarlegt ár!**

Það liggur eitthvað í loftinu. Allskonar ilmir sem blandast saman og verða að þessari góð/vondu lykt sem einkennir mörg heimili um þessar mundir – Þorri! Á mínu heimili er trogið í búrglugganum með leifum gærkvöldsins, flestir gestirnir famir heim, búið að spá í paranir næturinnar og taka út annálinn. Fætunir lúnir eftir dansinn, hárgreiðslan farin úr skorðum og svitastorkin ballfötin komin í óhreint. Og ég er strax farin að hlakka til næsta blóts. Mikið er þetta alltaf gaman. Og svo margt annað að hlakka til: Svarfdælskur mars, ferming, vor, fullt af gestum, fuglasöngur, lambsjarmur, kýrnar út, ættarmót, fæ ég gráa kvígu?, göngur, stóðréttir, líflambaval, jólaljós. Og svo allt þetta daglega: Endalausir fjósatímar, skítkeyrsla, hækkar nytin?, reiðtúrar, mjólkurhúsprif, bankamálin, MAST, saltið, afurðarstöðvaverðið. Er ekki lífið dásamlegt?!

Steindyrum, 30.01. '12

Ligg í rúminu. Lasin. Fæ að skila greininni á morgun. Sef og sef. Lífið er ömurlegt! Rándýrir dýralæknar, kal í túnum, köld vor, öll aðföng hækka, stórhættulegur áburður, MAST, ekkert salt í grautinn, ónýtt lög um velferð dýra, hátt verð á rafmagni, ónógur snjómokstur og hálkuvörn í Reykjavík, Húsabakkaskóli löngu farinn, verða allir ráðunautarnir staðsettir á Hótel Sögu?, kemst ekki til Boston að versla fót. Af hverju vinn ég ekki bara í fiski? Þeir eru allir dauðir, einhverjir aðrir eiga fyrirtækið og ég get bara hirt launin mín og farið heim kl.16. Hmm.... nei. Það er ekki nógur sjarmi yfir því. Þar er engin rómantík á fallegum vorkvöldum. Þar er ekkert bölv og ragn á erfiðum dögum. Engin lifandi dýr að fást við.

Kannski er þetta partur af þeirri velvild sem íslenskir neytendur hafa sýnt okkur. Það er gaman að keyra um landið og sjá fólk við vinnu úti á túnum (þó sumum ofbjóði kannski hvað við bændur eigum margar nýjar vélar), kýr á beit og nýfædda kálfa skjálfandi á fótunum. Gamall skeggjaður bóndi í rifinni lopapeysu að gera við girðingar setur örugglega bros á einhver andlit, nýborin lömb að leik og haughænur að baða sig í þurri mold. Hún er svolítið í þessum anda þessi dásamlega auglýsing sem birtist í síðasta Bændablaði. Þar er móðir að leita eftir sumardvöl í sveit fyrir strákin sinn þar sem æskilegt er að engin Play Station tölva sé. Það er þessi sveitarómantíkur ímynd sem verður alltaf erfiðara og erfiðara að halda í á tímum tækninnar. Kýrnar eru hættar að fara út á sumum stöðum, smábaggabúskapur er næstum liðinn undir lok, hrifur eru komnar á byggðasöfn, búum fækkar og víða er skíturinn felldur niður svo ekki er lengur hægt að dásama eða bölv skítalyktinni.

En ég bý í sveit, á sauðfé á beit og sællegar kýr út á túni.... og berst áfram við að draga börnin mín frá tölunum og pína þau í fjós, nýti út úr öllum gestum sem á bæinn koma, það geta jú flestir gert við girðingar, rífst og skammast við eldhúsbörðið yfir öllu sem aflaga fer og vonst til að bankinn láti mig ekki enda í frystihúsinu. Þúsund þorskar á færibandinu....

Að lokum vil ég skora á Bjarnveigu Skaffeld á Ytra-Álandi að rita næsta pistil.

*Með veikindakveðjum sem smita vonandi ekki,
Gunnhildur Gylfadóttir Steindyrum.*